

FYLGISEÐILL: UPPLÝSINGAR FYRIR NOTANDA LYFSINS

Amiloride 5 mg töflur Amilorid

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að taka lyfið.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafraeðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafraeðing vita ef vart verður aukaverkana sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar.

INNIHALD LYFSINS

- Actavis framleiðir Amiloride töflur í einum styrkleika.
- Hver tafla inniheldur 5 mg af amiloridhýdróklóríði sem samsvarar 5 mg af vatnsfríu amiloridhýdróklóríði.
- Töflurnar innihalda einnig: Mjólkursykur (laktósa), magnesíumsterat, maíssterkju, örkristallaðan sellulósa (E460) og gult járnóxíð (E172).
- Pakkningastærð er 28 töflur.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi:

Actavis, Barnstaple, EX32 8NS, Bretlandi.

Framleiðandi:

Actavis, Barnstaple, EX32 8NS, Bretlandi

Roussel Laboratories Ltd, Kingfisher Drive Covingham, Bretlandi.

1. UPPLÝSINGAR UM AMILORIDE OG VIÐ HVERJU ÞAÐ ER NOTAÐ

Amilorid tilheyrir hópi lyfja sem kallast kalíumsparandi þvagræsilyf.

Amiloride er notað:

- til að losa umframvökva úr líkamanum (þvagræsing).
- við hjartabilun.
- við háum blóðþrýstingi.
- við lifrarsjúkdómum.

Amiloride töflur eru venjulega notaðar með öðrum þvagræsilyfjum, svo sem þvagræsilyfjum af flokki tíazíða.

2. ÁÐUR EN BYRJAÐ ER AÐ NOTA AMILORIDE

Ekki má nota Amiloride töflur

- ef þú ert með ofnæmi fyrir amiloríði eða einhverju öðru innihaldsefni Amiloride 5 mg taflna.
- ef þú ert með alvarlegan nýrnasjúkdóm.
- ef þú átt erfitt með að losa þvag.
- ef þú ert með of mikið kalíum í blóði (blóðkalíumhækkun).
- ef þú nota lyf sem innihalda kalíum eða kalíumuppbót.

Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Amiloride taflna:

- ef þú ert með sykursýki eða átt að fara í sykurþolspróf.
- ef þú ert með langvinnan hjarta-, lungna-, nýrna- eða lifrarsjúkdóm.
- þú ert með truflanir á jafnvægi ýmissa efna í blóðinu.

Þeir sem nota eitthvert eftirtalinnu lyfja eiga að leita ráða hjá lækni eða lyfjafraeðingi:

- Litíum (notað við geðsjúkdómum).
- Bólguþandi verkjalyf (t.d. ibuprofen, diclofenac).
- ACE-hemlar, t.d. captopril eða enalapril
- Ciclosporin (notað við gigt, sóra og til að koma í veg fyrir höfnun á líffæri).
- Clorpropamid (notað við sykursýki).

Látid lækinn eða lyfjafraeðing vita um önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð, einnig þau sem fengin eru án lyfseðils.

Meðganga og brjóstgjöf

Ekki ætti að nota lyfið á meðgöngu og meðan á brjóstgjöf stendur. Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafraeðingi áður en lyf eru notuð.

Akstur og notkun véla

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafraeðing.

Aðrar varúðarráðstafanir

Ef þú leitar til annars læknis eða á sjúkrahús, skaltu láta vita hvaða lyf þú tekur.

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

3. HVERNIG NOTA Á AMILORIDE

Takið lyfið alltaf eins og lækinn hefur sagt til um. Lesið miðann frá apótekinu til að sjá hversu margar töflur á að taka og hversu oft á að taka þær. Ef þú ert ekki viss um hvernig á að nota lyfið leitaðu þá upplýsinga hjá læknum eða lyfjafraeðingi.

Venjulegur skammtur er:

Ábending

Lyfið notað eitt sér:

Skammtur

Upphafsskammtur er 10 mg, annað hvort í einum skammti eða fleiri. Skammtinn má auka í að hámarki 20 mg á dag og minnka síðan smám saman niður í viðhaldsskammt.

Með öðrum lyfjum:

Hjartabilun:

Upphafsskammtur er 5-10 mg og fer upp í allt að 20 mg á dag. Skammturinn er síðan minnkaður smám saman niður í viðhaldsskammt.

Hár blóðþrýstingur:

Upphafsskammtur er 5-10 mg og fer upp í allt að 20 mg á dag.

Lifrarsjúkdómur:

Upphafsskammtur er 5 mg og fer upp í allt að 20 mg. Skammturinn er síðan minnkaður smám saman niður í viðhaldsskammt.

Börn:

Notkun er ekki ráðlögð.

Það er sérlega mikilvægt fyrir aldraða að nota þetta lyf nákvæmlega eins og lækinn hefur sagt til um. Skammturinn sem lækinn ráðleggur fer eftir nýrnastarfsemi, magni tiltekinnu efna í blóðinu og svörum við meðferð.

Fara skal eftir leiðbeiningum um notkun taflnanna en þær á að gleypa með vatni. Halda skal áfram að taka þær eins lengi og læknirinn segir til um því það getur verið hættulegt að stöðva meðferðina án þess að ráðfæra sig við hann.

Ef stærri skammtur en mælt er fyrir um er tekinn

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ef gleymist að taka Amiloride töflur

Ef þú gleymir að taka töflu, taktu hana þá um leið og þú manst eftir því, nema það sé næstum kominn tími til að taka þá næstu. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp töflu sem gleymst hefur að taka. Taktu næstu skammta á réttum tíma.

4. HUGSANLEGAR AUKAVERKANIR

Eins og við á um öll lyf getur Amiloride Tablets valdið aukaverkunum, en það gerist þó ekki hjá öllum.

Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað: Höfuðverkur, syfja, þreyta eða þróttleysi, bakverkur, brjóstverkur, eymsli í hálsi/öxlum, verkur í handleggjum og fótleggjum, gula (húðin verður gul), væg útbrot.

Hjarta: Hjartaöng, gáttasleglarof, óreglulegur eða óþægilegur hjartsláttur.

Meltingarfæri: Minnkuð matarlyst, aukinn þorsti, ógleði eða uppköst, meltingartruflanir, verkur eða blæðing í maga, vindgangur, hægðatregða, niðurgangur.

Blóð og eitlar: Aukið kalíum í blóði, minnkað natríum í blóði.

Stoðkerfi og stoðvefur: Krampar í vöðvum, verkir í liðum, þvagsýrugigtarköst.

Taugakerfi: Svimi, sérstaklega þegar staðið er upp, skjálfti í handleggjum og fótleggjum, dofi, truflanir í taugakerfi.

Gedræn vandamál: Taugaveiklun, rugl eða skapbreytingar, svefntruflanir, minnkuð kynhvöt.

Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti: Hósti, erfiðleikar við öndun. Stíflað nef.

Augu: Óskýr sjón eða tvísýni, þrýstingur í augum.

Eyru og vöndurhús: Suð fyrir eyrum.

Nýru og þvagfæri / æxlunaræri og brjóst: Minnkuð kyngeta hjá körlum, tíðari þvaglát og aukið þvagmagn, sársauki við þvaglát.

Leitið til læknisins ef þessar aukaverkanir eru slæmar eða lagast ekki. Tilkynnt hefur verið um aðrar aukaverkanir, svo sem breytingar á blóðkornum, lifrarprófum og versnandi magasár en ekki er ljóst hvort þessar aukaverkanir tengjast meðferð með amiloridi.

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita ef vart verður við aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar. Þar með er hægt að tilkynna aukaverkanir til Lyfjastofnunar og bæta þannig þekkingu á aukaverkunum.

Sjúklingar og aðstandendur þeirra geta einnig tilkynnt aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar. Leiðbeiningar eru á heimasíðu Lyfjastofnunar (sjá „Aukaverkanir“) www.lyfjastofnun.is

5. HVERNIG GEYMA Á AMILORIDE

- Ekki skal nota töflurnar eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum.
- Geymið töflurnar við lægri hita en 25°C á þurrum stað, í upprunalegum umbúðum, til varnar gegn ljósi.
- Ekki má flytja þær yfir í annað ílát.
- **Geymið Amiloride töflur þar sem börn hvorki ná til né sjá.**
- Leitið ráða hjá lyfjafræðingi um hvernig heppilegast er að losna við lyf sem ekki þarf að nota lengur.

Þessi fylgiseðill var síðast endurskoðaður 03/2009.